

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hafnarhrepps nr. 45 16. febrúar 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

3. febrúar 1982.

Nr. 53.

REGLUGERÐ

um Framkvæmdasjóð aldraðra.

1. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra, sem til er stofnað samkvæmt lögum nr. 49/1981, skal stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða.

2. gr.

Ráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera tillögu um úthlutun úr sjóðnum. Þá skal hún og gera tillögu til ráðherra um 5 ára framkvæmdaáætlun, sbr. 1. gr.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal mánaðarlega gefa sjóðsstjórn yfirlit um stöðu sjóðsins.

Reikningar Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar ríkisstofnana. Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu sjóðsstjórnar skulu reikningarnir birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi samkvæmt ákvörðun Alþingis. Skattstjórar skulu leggja gjaldið á einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn, sem hafa tekjuskattstofn undir ákveðnu marki, ákveðnu af Alþingi. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, $\frac{1}{4}$ af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

6. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða samkvæmt reglugerð þessari eru:

- a) Hjúkrunarheimili til langdvalar og/eða dagvist fyrir aldraða.
- b) Sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir hannaðar á hliðstæðan hátt og almennar sjúkradeildir.
- c) Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli.
- d) Dvalarheimili aldraðra með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir lómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn.

7. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 6. gr. staflíði a), b) og d).
2. Að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 6. gr. staflíði c) og d).
3. Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 6. gr. staflíði a) og b), enda greiði ríkissjóður framlag beint í Framkvæmdasjóð, sbr. 2. tl. 5. gr.
4. Að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 6. gr. staflíði a), b), c) og d).

Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra til sveitarfélaga og annarra aðila, skulu óháð lánunum úr Byggingarsjóði ríkisins, sbr. 3. tl. 11. gr. laga nr. 51/1980.

Skv. ákvörðun ráðherra má greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra kostnað vegna reksturs sjóðsins auk annars kostnaðar vegna málefna aldraðra, sem tengist sjóðnum.

8. gr.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis og stjórn sjóðsins 5 ára framkvæmdaáætlun samkvæmt 1. gr.

Um framkvæmdir skv. 7. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 3. gr. laga nr. 93/1981 um breytingu á l. nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.